



Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti
B.t. Ragnhildar Hjaltadóttur, ráðuneytisstjóra
Sölvhólsgötu 19
101 Reykjavík

Varðar: Auglýsing um starf forstjóra Vegagerðarinnar.

Stjórn verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) hefur borist svar við bréfi félagsins dags. 13.4 2018 til Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis um auglýsing um starf forstjóra Vegagerðarinnar.

Í svarinu kemur fram að ekki sé gerð krafa um háskólamenntun heldur nægi reynsla sem nýst getur í starfinu.

Stjórn VFÍ gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki sé gerð krafa um viðeigandi háskólamenntun umsækjenda um starf forstjóra Vegagerðarinnar. Stjórnin lítur svo á að Vegagerðin sé meðal öflugustu tæknifyrirtækja landsins og því sé ekki ásættanlegt að í auglýsingu um starf þess sem á að leiða Vegagerðina næstu ár eða áratugi, sé gefið í skyn að reynsla ein sé ígildi menntunar og viðeigandi starfsreynslu.

Félagið leggur til að staðan verði auglýst upp á nýtt, þar sem þetta atriði verður skýrt á viðeigandi hátt.

Reykjavík, 25. apríl 2018.

Fyrir hönd stjórnar Verkfræðingafélags Íslands.

Páll Gíslason

Páll Gíslason, formaður VFÍ.